



Samkomulag undirritað í aðdraganda fyrirhugaðs yfirtökutilboðs JBT í maí 2024

Marel hefur undirritað samkomulag við John Bean Technologies Corporation (JBT) um helstu skilmála í tengslum við fyrirhugað yfirtökutilboð í allt útistandandi hlutafé í Marel, líkt og áður hefur verið tilkynnt um.

Samkomulagið, sem samþykkt hefur verið af stjórnnum beggja félaga, felur í sér helstu skilmála fyrirhugaðs yfirtökutilboðs og er rammi um réttindi og skyldur beggja félaga er varðar stjórnarhætti og samfélagslega þætti í sameinuðu félagi.

Byggt á fyrirliggjandi upplýsingum, telur stjórn Marel að með viðskiptunum sé hagsmunum Marel, hluthafa þess, starfsfólks og annarra hagaðila best borgið. Stjórn Marel fékk ráðgefandi álit frá J.P. Morgan og Rabobank varðandi sanngirni á greiðslu til hluthafa í fyrirhuguðu yfirtökutilboði út frá fjárhagslegu sjónarmiði. Álitin miðast við tiltekna dagsetningu, forsendur, hæfni og takmarkanir, ásamt öðrum þáttum sem settir eru fram í slíkum álitum. Samkomulagið í heild sinni verður birt [hér](#) en samantekt á meginatriðum má sjá hér að neðan.

JBT hyggst leggja fram yfirtökutilboð í maí 2024. Framsetning tilboðsins er háð því að JBT hafi skilað inn skráningaryfirlýsingu samkvæmt eyðublaði S-4 til Verðbrégaftirlits Bandaríkjanna (U.S. Securities and Exchange Commission), og að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi mótttekið og samþykkt tilboðsyfirlit og skráningarlýsingu. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um að hefðbundin skilyrði hafi verið uppfyllt, þar með talið samþykki frá viðeigandi eftirlitsaðilum, samþykki hluthafa Marel og samþykki hluthafa JBT, og gert er ráð fyrir að viðskiptin verði frágengin fyrir árslok 2024.

Í ljósi ofangreinds og undirbúnings við frágang fyrirhugaðs yfirtökutilboðs tilkynnir Marel hér með um breytingu á fjárhagsdagatali fyrir fyrsta ársfjórðung 2024 sem nú verður birt þann 7. maí 2024, í stað 29. apríl 2024.

Arnar Þór Másson, stjórnarformaður Marel:

„Það er ánægjulegt að tilkynna um samkomulag við JBT um helstu skilmála fyrirhugaðs yfirtökutilboðs, sem er mikilvægur áfangi í mögulegri sameiningu félaganna tveggja. Vinna við afmarkaða áreiðanleikakönnun (e. confirmatory due diligence) á JBT hefur styrkt mat okkar á því að góð rök séu fyrir sameiningu félaganna fyrir hluthafa Marel og aðra hagaðila. Við sjáum sóknarfæri sameinaðs félags og erum ánægð með þann vilja um að standa vörð um arfleifð Marel, tvískráningu á Nasdaq á Íslandi, þátttöku stjórnenda Marel hjá sameinuðu félagi, og samsetningu stjórnar sem samsvari eignarhlutföllum sameinaðs félags. Við munum áfram vinna náið með stjórn JBT í aðdraganda fyrirhugaðs yfirtökutilboðs í maí.“

Árni Sigurðsson, forstjóri Marel:

„Þetta er mikilvægt skref í átt að mögulegri sameiningu við JBT. Áhugi þeirra á Marel er vitnisburður um þann árangur sem metnaðarfullur hópur starfsmanna okkar um allan heim hefur drifið áfram. Litið fram á veginn, þá felur möguleg sameining í sér spennandi tækifæri til að hraða framförum í að umbylta matvælavinnslu á heimsvísu.“



Helstu skilmálar fyrirhugaðs yfirtökutilboðs

Líkt og áður hefur komið fram hyggst JBT leggja fram valfrjálst yfirtökutilboð á verðinu 3,60 evrur á hlut í allt útistandandi hlutafé í Marel.

Hluthafar Marel munu hafa sveigjanleika í vali á samsetningu endurgjalds. Val um samsetningu endurgjalds takmarkast af því að vegið meðaltal fulls endurgjalds JBT fyrir allt hlutafé í Marel verði 65% í formi afhentra hlutabréfa í JBT og um 35% í formi reiðufjár. Með tilliti til áhrifa af samsetningu endurgjalds, myndi hlutfallsleg skipting eftir viðskipti leiða til þess að hluthafar myndu fá greiddar um það 950 milljónir evra og eignast um 38% hlutafjár sameinaðs félags.

Sem endurgjald fyrir hvern hlut í Marel, geti hluthafar Marel valið á milli eftirtalinnna kosta:

- Að fá greiddar 3,60 evrur í reiðufé.
- Að fá afhenta 0,0265 hluti í JBT og 1,26 evrur í reiðufé.
- Fá afhenta 0,0407 hluti í JBT.

Hlutfallsleg skipting eftir viðskipti byggir á forsendu um að virði JBT sé 96,25 dollarar á hlut. Hluthafar Marel munu hafa möguleika á að velja hlutabréf JBT sem skráð eru á New York Stock Exchange (NYSE) eða á Nasdaq Iceland að undangenginni tvískráningu JBT á Íslandi.

Eyri Invest hf., stærsti hluthafi Marel með 24,7% hlut í félaginu, hefur veitt óafturkallanlegt samþykki um að taka tilboðinu verði það lagt fram.

Samantekt á samkomulagi um helstu skilmála

Samkomulagið felur í sér skilmála og ákvæði sem venjubundin eru í alþjóðlegum viðskiptum af þessu tagi, að teknu tillit til þess að Marel er stofnað á Íslandi og skráð félag á markaði. Samkomulagið inniheldur meðal annars ákvæði um (i) að samningsaðilar leggi sig fram eftir fremsta megni til þess að afla samþykkis fyrir viðskiptunum frá eftirlitsaðilum (háð ákveðnum takmörkunum) (ii) að aðilar vinni saman að undirbúningi vegna skráningarlýsingar og tengdum verkefnum, (iii) að stjórn Marel skuldbindi sig til að mæla með viðskiptunum, (iv) að aðilar undirgangist sambærilegar ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart hvor öðrum og lúti sömu skilyrðum um efndir samkomulagsins, og (v) skyldu JBT til að fjármagna og ljúka við tilboðið.

Samkomulagið kveður á um að stjórn sameinaðs félags muni samanstanda af tíu stjórnarmönnum, þar af fimm óháðum stjórnarmönnum frá JBT fyrir sameiningu, fjórum óháðum stjórnarmönnum frá Marel fyrir sameiningu, og núverandi forstjóra JBT, Brian Deck. Forstjóri sameinaðs félags verður Brian Deck og Árni Sigurðsson verður framkvæmdastjóri sameinaðs félags. Aðrir lykilstjórnendur sameinaðs félags verða skipaðir stjórnendum beggja félaga.

Í samkomulaginu eru kveðið á um skuldbindingu sameinaðs félags til að varðveita arfleifð Marel og starfsemi á Íslandi í samræmi við fyrri tilkynningu frá 19. janúar 2024. Sameinað félag mun heita JBT Marel Corporation og félagið mun starfrækja evrópskar höfuðstöðvar og tækniþróunarsetur í Garðabæ á Íslandi. Sameinað félag verður áfram skráð í kauphöllinni í New York (e. New York Stock Exchange, NYSE) en til viðbótar verður óskað eftir tvískráningu á Nasdaq á Íslandi sem verður virk við frágang viðskiptanna.



Aðilar hafa komið sér saman um að JBT greiði Marel riftunargjald (e. break-fee) ef ekki fæst samþykki eftirlitsaðila, eins og nánar er skilgreint í samkomulagi um helstu skilmála. Aðilar hafa auk þess komið sér saman um endurgreiðslu á kostnaði sem fellur til, háð ákveðnum hámarksupphæðum, vegna tiltekinna kringumstæðna, sem skilgreindar eru í samkomulaginu.

Skylda JBT til að efna fyrirhugað valfrjálst yfirtökutilboð takmarkast af og er skilyrt við hefðbundin formaskilyrði (s.s. samþykki eftirlitsaðila), að samþykki fái frá handhöfum að lágmarki 90% útstandandi og útgefina hluta í Marel á fyrirhuguðu yfirtökutilboði, og að meirihluti hluthafa JBT samþykki hlutafjárútkningu í tengslum við fyrirhugað yfirtökutilboð.

Marel hefur ráðið J.P. Morgan sem fjármálaráðgjafa og fengið Rabobank til að gefa stjórn félagsins sjálfstætt álit varðandi sanngirni á greiðslu til hluthafa í fyrirhuguðu yfirtökutilboði. Lagalegir ráðgjafar eru Baker McKenzie (Bandaríkin), BBA/Fjeldco (Ísland), og Osborne Clarke (Holland).

Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið ir@marel.com og í síma 563 8001.

Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu. Marel var stofnað árið 1983 og hjá félaginu starfa um 7.500 starfsmenn í yfir 30 löndum (þar af um 800 starfsmenn á Íslandi) og þjónusta viðskiptavinum í yfir 140 löndum. Lykilmarkaðir félagsins eru í vinnslu alifugla, kjöts, fisks, gæludýrafóðurs, plöntuþróteina og fóðurs fyrir fiskeldi. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og Euronext Amsterdam og skilaði 1,7 milljarði evra í tekjur árið 2023 (257 milljarðar króna), en 46% af heildartekjum koma frá þjónustu og varahlutum. Árlega fjárfestir Marel 5-6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun, eða um 15 milljörðum króna árið 2023, með áherslu á sjálfvirkni, róbótatækni og stafrænar lausnir sem tryggja örugg matvæli sem unnin eru á hagkvæman og sjálfbæran hátt. Frekari upplýsingar má finna á marel.com/ir.

Gögn um markaðshlutdeild

Yfirlýsingar um markaðshlutdeild, þar með taldar þær sem varða samkeppnisstöðu Marel, byggjast á utanaðkomandi heimildum og gögnum, svo sem gögnum frá rannsóknastofnunum, iðnaðar- og sölunefndum og hópum, ásamt mati stjórnenda Marel. Séu upplýsingar ekki tiltækar fyrir Marel kunna slíkar yfirlýsingar að vera byggðar á áætlunum og mati utanaðkomandi aðila og/eða stjórnenda. Markaðsstaða er byggð á sölutölum nema annað sé tekið fram.

Athygli fjárfesta er vakin á eftirfarandi:

Sumar staðhæfingar í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu hennar. Í eðli sinu fela slíkar staðhæfingar því í sér óvissu. Vakinn er athygli fjárfesta á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í þessari tilkynningu. Tilkynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Fréttatilkynning
05 Apríl 2024 06:30:00 GMT



Viðhengi

[Samkomulag undirritað í aðdraganda fyrirhugaðs yfirtökutilboðs JBT í maí 2024](#)